



Birna Sigurjónsdóttir

Kennsluhættir

í grunnskólum Reykjavíkur

Niðurstöður ytra mats

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur gert heildarmat (ytra mat) í grunnskólum borgarinnar allt frá árinu 2007. Nær allir grunnskólar borgarinnar hafa verið heimsóttir og kennslustundir verið metnar út frá viðmiðum um gæði. Einnig hefur verið merkt við hvaða kennsluhættir einkenndu stundirnar. Frá byrjun árs 2009 hafa 1.066 kennslustundir verið metnar og greindar, þar af hafa 75% verið metnar góðar eða frábærar, rúmlega 22% viðunandi og tæplega 3% óviðunandi. Greining á kennsluháttum í þessum rúmlega þúsund stundum sýnir að langalgengast er að nemendur vinni að verkefnum undir beinni stjórn kennara og hlusti á fyrirlestur eða innlögn hans. Kennarinn er þannig í aðalhlutverki sem fræðari og stýrir námi nemenda að því marki að sömu lausnir komi fram hjá öllum nemendum.

Greining kennsluhátta eftir námsgreinum sýnir að kennarastýring er enn meiri í bóklegum greinum en list- og verkgreinum. Markviss samvinna nemenda, það er að þeir vinni að sameiginlegu viðfangsefni og komist að sameiginlegri niðurstöður, sást í 12% stunda og sjálfstæð vinna nemenda að einhverju leyti að eigin vali í 10%. Þemavinna er algengust í samfélagsgreinum og tilraunir sjást helst í náttúrugreinum, en einnig í þessum greinum eru algengustu kennsluhættirnir verkefnavinna og innlögn kennara. Lítið munur er á kennsluháttum eftir aldri nemenda. Í öllum aldurshópum er verkefnavinna undir stjórn kennara algengust en bein kennsla eða innlögn er þó heldur algengari á unglingsstigi en hjá yngri nemendum.

Samkvæmt þessum niðurstöðum úr vettvangsathugunum í rúmlega eitt þúsund kennslustundum vantar mikið upp á þá fjölbreyttu kennsluhætti sem mikil áhersla er lögð á í nýrri aðalnámskrá frá 2011 og einnig í aðalnámskrá frá árinu 2006. Umhugsunarefni er einnig að markviss samvinna nemenda og sjálfstæði þeirra í námi fá lítið rými en hvort tveggja er hluti af þeirri lykilhæfni sem ný aðalnámskrá gerir ráð fyrir að einkenni nám nemenda.

Birna Sigurjónsdóttir (birna.sigurjonsdottir@reykjavik.is) er verkefnastjóri á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Hún lauk B.Ed.-prófi í kennslufræðum frá Kennaraháskóla Íslands 1978 og M.Ed.-prófi í uppeldis- og menntunarfræðum frá sama skóla árið 2000. Frá árinu 2007 hefur meginverkefni hennar á Skóla- og frístundasviði verið að stýra ytra mati á grunnskólum Reykjavíkur.

Teaching methods in Reykjavik Compulsory Schools: Findings from external evaluations

The Reykjavik Department of Education and Youth has conducted external evaluations of Reykjavik compulsory schools since 2007, evaluating the quality of teaching and learning in nearly all schools. Teaching methods were also registered. Since the beginning of 2009, a total of 1066 teaching hours have been evaluated, with 75% being graded good or excellent, a little more than 22% satisfactory, and slightly less than 3% unsatisfactory. The most common teaching methods recorded were pupils working on assignments under direct instruction from the teacher, and lecturing. Teacher control is pervasive, to the extent that the outcome of all pupils' work is the same or similar.

An analysis of the teaching methods shows that teacher control is more evident in academic subjects than in arts and crafts. Cooperation between pupils where they work together on a common project or towards a common solution was noted in 12% of the classroom visits and pupil-initiated work or work of his/her choice was noted in about 10% of the visits. Theme or project work was most often noted in social studies, and experiments in science classes, with the most common teaching method in those subjects being teacher initiated assignments and lecturing. There were no great differences in teaching methods between younger and older pupils. In all grades, teacher initiated assignments and lecturing were the most common teaching methods, but lecturing was more common in grades 8 to 10 than in the lower grades.

These findings from over one thousand classroom visits show that the wide variety of working and teaching methods that are emphasized in The National Curriculum for Compulsory Schools (2011 as well as 2006). It is also of concern that pupils' independence and cooperation, which are supposed to be among the key competences taught in compulsory schools, seem to get little attention and emphasis from teachers.

Birna Sigurjónsdóttir (birna.sigurjonsdottir@reykjavik.is) is a project manager at the Reykjavik Department of Education and Youth. She graduated in 1978 with a B.Ed. from The Iceland University of Education and finished a M.Ed. in Educational Studies from the same university in 2000. Her main project at the Department of Education and Youth has since 2007 been evaluation of compulsory schools in Reykjavik.

Inngangur

Heildarmat (ytra mat) fór fram í grunnskólum Reykjavíkur á árunum 2007–2013¹. Til grundvallar matinu liggja lög um grunnskóla og reglugerðir um skólastarf. Megintilgangur matsins er að fylgjast með hvernig grunnskólar framfylgja ákvæðum og áherslum sem birtast í aðalnámskrám 2006 og 2011 og í menntastefnu sem birtist í starfsáætlun Menntasviðs (síðar skóla- og frístundasviðs). Matið er liður í að styðja og efla skólastarf og því er ætlað að vera leiðbeinandi og umbótamiðað. Það flokkast því sem leiðsagnar- mat fremur en lokamat (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013).

Alls voru 43 grunnskólar metnir á þessum árum og þrír þeirra tvisvar. Vettvangsathuganir í kennslustund, þar sem fylgst var með námi og kennslu, voru frá upphafi hluti af gagnaöflun í heildarmatinu. Vettvangslýsingar hafa frá því matið hófst verið skráðar og afhentar skólustjóra sem trúnaðarskjal sem hann ræðir við viðkomandi kennara. Þetta var gert til að kennarar sjái hvernig stundinni er lýst og hún metin og þeir fái endurgjöf frá sínum næsta yfirmanni.

¹ Undanskildir eru Dalskóli sem er nýjasti grunnskólinn í borginni og Ártúnsskóli sem hefur verið samrekin leikskóli- grunnskóli og frístund frá 2011.

Fyrstu árin sem heildarmatið fór fram fólst skráning vettvangsathugana eingöngu í almennum lýsingum á því sem fram fór í kennslustundinni sem heimsótt var. Í byrjun árs 2009 var hafin markviss skráning á kennsluháttum í hverri kennslustund, lagt mat á nám og kennslu samkvæmt ákveðnum viðmiðum og kennslustundin í heild metin.² Frá þeim tíma hafa 1.066 kennslustundir verið metnar, þar af hafa 75% verið metnar góðar eða frábærar en rúmlega 22% viðunandi og tæplega 3% óviðunandi. Mat á gæðum kennslustunda er þó ekki aðalviðfangsefni þessarar greinar heldur kennsluhættir eins og þeir voru skráðir í vettvangslýsingum. Frá byrjun árs 2009 var einnig lögð aukin áhersla á að heimsókn í kennslustund stæði yfir í sem næst 40 mínútum og alls ekki skemur en 20. Í þessari grein verður sjónum beint að kennsluháttum sem beitt var í þeim stundum sem fylgst var með eftir að markviss skráning hófst, eftir námsgreinum og eftir aldri nemenda.

Vettvangsathuganir í kennslustundum

Allir sem sinna vettvangsathugunum í kennslustundum í tengslum við heildarmatið eru kennarar með framhaldsmenntun í uppeldis- og kennslufræði og með langa starfsreynslu sem kennarar, stjórnendur í grunnskóla og/eða kennsluráðgjafar. Í hverjum skóla voru allar bekkjardeildir/námshópar heimsótt að minnsta kosti einu sinni og fylgst með kennslu í öllum námsgreinum, eftir því sem við varð komið.

Frá því í byrjun árs 2009 hafa vettvangsathuganir farið fram í alls 1.066 kennslustundum, þar af voru 344 stundir á yngsta stigi, 337 á miðstigi og 337 á elsta stigi grunnskóla. Þá voru farnar 8 heimsóknir í kennslustundir í 5 ára bekkjum og 40 heimsóknir þar sem aldurshópur nemenda náði yfir fleira en eitt námsstig. Alls voru um 16 þúsund nemendur í þeim stundum sem metnar voru.

Þættir sem horft var eftir í hverri stund voru: Skipulag skólastofunnar, svo sem uppröðun í stofunni, hvað er á veggjum og staðsetning kennarans; framvinda kennslustundarinnar, það er upphaf og lok hennar, er áhugi nemenda vakinn, er vísað í það sem áður er komið; markmið, mat og endurgjöf; samskipti nemenda og samstarf; kennsluaðferðir og vinnutilhögun, þar á meðal hvort nemendur hafa val um viðfangsefni og þjálfast í sjálfstæði og hvort kennsluhættir hæfa viðfangsefninu; námsaðlögun og hvort grunnþættir menntunar samkvæmt nýrri aðalnámskrá eru sýnilegir.

Tveir til þrjár matsaðilar skiptu með sér verkum við vettvangsathuganir í hverjum skóla, oftast eftir aldri nemenda og sérhæfðu sig til dæmis í að fylgjast með námi og kennslu yngri barna, nemenda á miðstigi eða unglingastigi. Í kennslustundinni skráðu þeir á gátlista það sem fram fór (sjá meðfylgjandi gátlista³). Vettvangslýsing fyrir kennslustundina var rituð eins fljótt og auðið var eftir að athugunin fór fram. Þessar lýsingar fylgja matskýrslu sem trúnaðarskjal og eru eingöngu ætlaðar skólastjóra og viðkomandi kennara.

Takmarkanir

Í langflestum vettvangsathugunum sem hér er greint frá voru kennarar að reyna það í fyrsta sinn að fá til sín utanaðkomandi matsaðila til að fylgjast með og meta nám og kennslu. Eðlilegt má teljast að það hafi haft áhrif á það sem fram fór og mögulegt er að kennarar hafi valið aðferðir og kennsluhætti sem þeir töldu sig örugga með. Kennarar vissu að þeir gætu átt von á heimsókn matsmanns fyrirfram ákveðna daga en ekki nákvæmlega í hvaða tíma. Í flestum tilvikum varð ekki annað séð en að viðvera matsmanna

² Þessi viðmið ásamt lýsingu á matsferlinu birtust í *Netlu – Veftímariti um uppeldi og menntun* í greininni *Heildarmat í grunnskólum Reykjavíkur 2007–2010* eftir Birnu Sigurjónsdóttur. Sjá <http://netla.hi.is/greinar/2010/016/index.htm>.

³ Frá hausti 2014 er í gildi annar gátlisti fyrir vettvangsathuganir og er hann byggður á viðmiðum um gæði skólustarfs sem nú eru notuð við ytra mat grunnskóla Reykjavíkur. Þau má skoða á vef skóla- og frístundasviðs. Sjá <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>.

gleymdist þegar stundin var hafin og nemendur og kennari uppteknir af viðfangsefni tímans.

Matsmenn hafa lagt sig fram um að samræma mat á námi og kennslu eins og unnt er, en hjá því verður ekki komist að viðhorf og bakgrunnur þess sem metur hefur einhver áhrif á niðurstöðuna hverju sinni.

Vettvangsathuganir eftir námsgreinum

Tafla 1 sýnir fjölda vettvangsathugana eftir námsgreinum. Mest áhersla hefur verið lögð á að fylgjast með námi og kennslu í kjarnagreinum og endurspeglast það í töflunni sem sýnir að samanlagt voru 55% vettvangsathugana í kennslustundum í íslensku og stærðfræði og 12% í erlendum tungumálum. Fæstar vettvangsathuganir fóru fram í skólaíþróttum og í upplýsinga- og tæknimennt enda er sú grein orðin mjög samþætt öðrum námsgreinum.

Tafla 1 Fjöldi stunda eftir námsgrein sem er aðalviðfangsefni stundarinnar. Merkt við fleiri en eina grein í 17% stunda.		
	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	353	33%
Stærðfræði	231	22%
Erlend tungumál	129	12%
Samfélagsgreinar	109	10%
Verkgreinar	104	10%
Náttúrugreinar	79	8%
Listgreinar	80	8%
Skólaíþróttir	12	1%
Upplýsinga- og tæknimennt	15	1%
Annað	135	13%
Íslenska	353	33%

Undir annað falla viðfangsefni sem eru samþætt, það er tengjast fleiri en einni námsgrein eða flokkast ekki beint undir eina námsgrein, svo sem frjáls tími, leikur, föndur, söngstund á sal, val nemenda eða hringekjur, markmiða- eða áætlunarvinna og nestisstundir, en allt þetta er hluti af kennslutíma.

Í um 17% kennslustundanna var skipt um námsgrein eða viðfangsefni og þá oftast tekið upp eitthvað af því sem hér að ofan er tilgreint sem annað. Þá gat verið um að ræða að allir nemendur eða hluti hópsins hafði lokið því sem var meginviðfangsefni tímans og mátti velja sér verkefni til loka tímans, allir byrjuðu tímann í söngstund eða tíminn endaði á nestisstund.

Fjöldi nemenda í námshópum

Í *Töflu 2* er yfirlit yfir fjölda nemenda í kennslustundum sem heimsóttar voru. Aðeins eru taldir þeir nemendur sem voru til staðar í stundinni. Hafa þeir í huga að meðal annars í list- og verkgreinum er bekkjum skipt upp í minni hópa. Í öllum aldurshópum er nokkuð jafnt hlutfall námshópa með 16–24 nemendur og 15 eða færri. Hlutfall námshópa með 25 nemendur eða fleiri er um og yfir 10%, aðeins mismunandi eftir aldri, og hlutfallslega flestir stórir námshópar eru á miðstigi grunnskólans. Sérskólar með minni námshópa eru hér ekki teknir með.

Tafla 2			
Fjöldi nemenda í námshópum eftir stigum/aldrí (sérskólar ekki meðtaldir).			
	1–15 nemendur	16–24 nemendur	25 nemendur
1.-4. bekkur	45%	46%	9%
5.-7. bekkur	47%	43%	11%
8.-10. bekkur	46%	47%	7%

Kennsluhættir

Til að greina kennsluhætti var stuðst við flokkun sem sést í *Töflu 3*. Þessa flokkun mótuðu kennslufræðingarnir sem unnu að matinu á grunni þeirrar reynslu sem þegar var fengin af heimsóknum á vettvang en einnig var litið til þess hvernig kennsluhættir hafa verið flokkaðir í mati og rannsóknum.⁴ Lögð var áhersla á að beina sjónum fyrst og fremst að nemandanum, virkni hans og viðfangsefnum.

Oft var merkt við fleiri en einn flokk í kennslustund, til dæmis ef skipt var um kennsluhætti í stundinni, farið í verkefnavinnu eftir innlögn kennara eða að kennsluhættir einkenndust af fleiri en einum flokki, til dæmis þemavinnu eða verklegri vinnu sem fólst í sköpun og tjáningu og markvissri samvinnu nemenda. Merkt var við tvennt í 50% stunda og í 10% stunda var merkt við þrennt. Það sem merkt var sem *Kennsluhættir 1* er það sem einkennir stundina helst eða mestum tíma var varið í.

Algengast er að nemendur séu í *verkefnavinnu undir stjórn kennara* sem getur verið vinnubókarvinna eða að nemendur svara spurningum úr texta eða bók eða fylla út vinnublöð sem kennari útbýr. Í 37% stunda voru þetta helstu vinnubrögðin og í 57% stunda hluti þess sem gert er. Hér er kennarinn í aðalhlutverki og stýrir námi nemenda að því marki að nánast er fyrirfram gefið hvað nemendur setja á blað.

Merkt var við *beina kennslu eða innlögn* í 36% stundanna og í 32% sem aðalviðfangsefni. Innlögn er stundum skilgreind sem stuttur fyrirlestur kennara þar sem hann er í fræðandi hlutverki og nemendur eru viðtakendur fræðslunnar. Þátttaka nemenda getur falist í spurningum til kennarans og svörum eða stuttum útskýringum hans.

Merkt var við *sköpun og tjáningu* í 16% stundanna og *verklegt* í 15%. Þetta eru algengustu kennsluhættirnar í list- og verkgreinum. Nemandi býr til hluti, mynd eða efni út frá eigin hugmyndum og hefur frjálsar hendur um útfærslu að mestu eða öllu leyti. Merkt var við verklegt þegar nemendur eru að framkvæma eða búa til hluti eða efni hvort sem það er út frá eigin hugmyndum eða eftir fyrirmyndum eða fyrirmyndum frá kennara.

⁴ Meðal annars var stuðst við *Litróf kennsluaðferðanna* eftir Ingvar Sigurgeirsson (1999), *The Ofsted Inspection Framework: Conducting the Inspection* (2005) og efni frá Enheten för inspektion og tillsyn í Stokkhólmi, *Forberedelsefrågor inför skolinspektion* (2005).

Tafla 3			
Kennsluhættir. Merkt er við fleiri en einn þátt, því er fjöldi merkinga hærri en fjöldi stunda.			
	Fjöldi	Hlutfall	Merkt sem kennsluhættir 1
Verkefnavinna undir stjórn kennara	602	57%	37%
Bein kennsla/innlögn	381	36%	32%
Sköpun/tjáning	172	16%	5%
Verklegt	155	15%	12%
Markviss samvinna í hópi	129	12%	6%
Sjálfstæð vinna nemenda	106	10%	4%
Könnun/próf/heimavinna	56	5%	3%
Þemavinna	41	4%	1%
Tilraunir	10	1%	0,6%
Umræður	8	0,8%	0%
Lestur	7	0,7%	0%
Val	7	0,7%	0%
Bekkjarfundir	5	0,5%	0%
Hlustun/áhorf	3	0,3%	0%
			100%

Merkt var við *markvissa samvinnu* þegar nemendur vinna í þörum eða hópum að sameiginlegu verkefni, ræða saman og komast að sameiginlegri niðurstöðu og/eða skila sameiginlegri úrlausn. 12% merkinga voru við markvissa samvinnu og í 6% stunda merkt við samvinnu sem kennsluhátt 1.

Merkt var við *sjálfstæða vinnu að einhverju eða öllu leyti að eigin vali* í 10% tilvika og 4% sem aðalverkefni stundarinnar. Þá vinna nemendur að verkefni út frá eigin hugmyndum og ráða að mestu eða öllu leyti viðfangsefni og/eða úrvinnslu.

Merkt var við *heimavinnu* í 5% stundanna, það er kennslustundin var nýtt til að fara yfir verkefni sem nemendur höfðu unnið heima. Undir þennan þátt falla einnig próf og kannanir sem lagðar eru fyrir í stundinni.

Merkt var við *þemavinnu* í 4% stunda og í 1% sem aðalviðfangsefni. Í þemavinnu fást nemendur við heildstæð verkefni þar sem þeir safna upplýsingum, setja fram og miðla til annarra með ákveðnum hætti.

Merkt var við *tilraunir* í 1% stunda og sem aðalviðfangsefni í 0,6% þeirra. Tilraunirnar voru oftast tengdar náttúrugreinum.

Merkt var við *bekkjarfund* í 0,5% stunda og aldrei sem aðalviðfangsefni. Bekkjarfundur er opinn umræðufundur hópsins þar sem ákveðin málefni eru rædd og umræðan hlítir ákveðnum reglum.

Kennsluhættir eftir námsgreinum

Í *Töflu 4* má sjá hvernig kennsluhættir skiptast eftir námsgreinum. Í öllum bóklegum greinum eru innlögð og verkefnavinna undir stjórn kennara langalgengustu vinnubrögðin. Þess ber þó að geta að misjafnt er eftir skólum hvernig kennsluhættir skiptast og í sumum skólanna er greinilega meiri áhersla á fjölbreytta kennsluhætti en hér kemur fram.

Tafla 4 Kennsluhættir eftir námsgreinum. Merkt við fleiri en einn þátt í um 60% stunda.										
	Íslenska	Stærðfræði	Erlend tungumál	Samfélagsgreinar	Náttúrugreinar	Listgreinar	Verkgreinar	Skólaíþróttir	Upplýsinga- og tæknimennt	Annað
Verkefnavinna undir stjórn kennara	40%	49%	51%	32%	32%	11%	13%	25%	27%	28%
Bein kennsla/innlögð	26%	26%	25%	31%	30%	9%	7%	17%	14%	14%
Sköpun/tjáning	9%	6%	5%	6%	5%	41%	9%	13%	0%	18%
Verklegt	1%	1%	1%	4%	1%	27%	57%	29%	32%	5%
Markviss samvinna í hópi	8%	8%	8%	11%	7%	5%	5%	8%	14%	10%
Sjálfstæð vinna nemenda	6%	4%	4%	6%	5%	4%	7%	8%	9%	15%
Könnun/próf/heimavinna	3%	4%	4%	3%	7%	1%	0%	0%	0%	1%
Þemavinna	4%	1%	1%	6%	5%	1%	0%	0%	5%	3%
Tilraunir	0%	0%	0%	1%	7%	0%	0%	0%	0%	0%
Annað	2%	2%	1%	1%	1%	2%	2%	0%	0%	4%

Verkefnavinna undir stjórn kennara er algengasta kennsluaðferðin, sem beitt er í öllum greinum nema list- og verkgreinum, sem þýðir að í hluta stundar að minnsta kosti eru nemendur að leysa verkefni sem stýrt er af kennara. Það getur verið vinnubókarvinna, að svara spurningum úr texta eða leysa dæmi í stærðfræði. Oftast eru nemendur að vinna hver að sínu og allur hópurinn að sama verkefni eða sams konar verkefnum.

Sjálfstæð vinna nemenda að eigin vali fer hæst í 12% í íslensku og 10% í verkgreinum og markviss samvinna nemenda er algengust í samfélags- og náttúrugreinum eða 14% og 15%, og 13% í íslensku. Þemavinna er algengust í samfélagsgreinum eða 8% en tilraunir í náttúrfræði eða 7%.

Tafla 5 Kennsluhættir greindir eftir aldri nemenda. Merkt við fleiri en einn þátt í um 60% stunda.			
	1.-4. bekkur	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur
Verkefnavinna undir stjórn kennara	55%	56%	58%
Bein kennsla/innlögn	37%	30%	41%
Sköpun/tjáning	22%	13%	6%
Verklegt	17%	17%	7%
Markviss samvinna í hópi	11%	10%	10%
Sjálfstæð vinna nemenda	7%	12%	6%
Könnun/próf/heimavinna	1%	5%	9%
Þemavinna	3%	2%	3%
Tilraunir	1%	1%	1%

Kennsluhættir eftir aldri nemenda

Athygli vekur að tiltölulega lítill munur er á kennsluháttum eftir aldri nemenda. Á öllum aldri er algengast að nemendur séu að vinna að verkefnum undir stjórn kennara og samkvæmt fyrirmælum hans. Bein kennsla eða innlögn er þó heldur algengari á unglíngastigi en í yngri deildum. Sköpun og tjáning skipa hærri sess á yngsta stigi en merkingum við það fækkar á miðstigi og unglíngastigi.

Ástæða þess að unglíngastigið sker sig úr í verklegu og sköpun og tjáningu skýrist að hluta af því að list- og verkgreinar eru frekar valgreinar á unglíngastigi en færri heimsóknir voru í þær en kjarnagreinar.

Markviss samvinna nemenda virðist álíka algeng á öllum aldursstigum grunnskólans. Sjálfstæð vinna nemenda er samkvæmt þessu meiri á miðstigi en hjá öðrum aldurshópum og merkt var við tilraunir í 1% tilvika á öllum stigum. Algengara er á unglíngastigi en á yngri stigum að merkt sé við að farið sé yfir heimavinnu á skólatíma eða lögð fyrir próf og kannanir.

Lokaorð

Miðað við vettvangsathuganir í heildarmati í grunnskólum Reykjavíkur einkenna hefðbundnir kennsluhættir flestar kennslustundir sem heimsóttar voru á árunum 2009–2013. Kennarinn er í aðalhlutverki og nemendur að mestu leyti viðtakendur þeirrar fræðslu sem er á borð borin hverju sinni. Því virðist sem töluvert vanti upp á að kennsluhættir geti talist fjölbreyttir og að nemendur verði virkir í eigin námi, þjálfist í samvinnu og öðlist sjálfstæði í verkefnum og úrvinnslu þeirra. Þetta eru einmitt þau vinnubrögð sem ætlast er til að nemendur tileinki sér samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla en þar segir í kafla um lykilhæfni að hún sé sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Hún snýr að hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð (*Aðalnámskrá grunnskóla*, 2011). Samkvæmt þessum niðurstöðum úr vettvangsathugunum í rúmlega eitt þúsund

kennslustundum vantar mikið upp á að skólarnir bjóði þá fjölbreyttu kennsluhætti sem mikil áhersla er lögð á í nýrri aðalnámskrá frá 2011 og einnig í aðalnámskrá frá árinu 2006. Umhugsunarefni er einnig að markviss samvinna nemenda og sjálfstæði þeirra í námi fá lítið rými í þessum stundum en hvortvegja er hluti af þeirri lykilhæfni sem ný aðalnámskrá gerir ráð fyrir að einkenni nám nemenda.

Mikilvægt er að kennarar fái endurgjöf á störf sín og þar með hvatningu til að gera sífellt betur og auka fjölbreytni í kennsluháttum. Stjórnendur skóla gegna lykilhlutverki í slíkri endurgjöf en einnig er jafningjamat góð leið til að meta og ígrunda kennsluhætti og vinnubrögð. Umræðan um leiðir að fjölbreyttum kennsluháttum þarf að verða almennari og opnari, sem og umræða um aukna virkni nemenda og sjálfstæði þeirra í námi.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla. (2011). Reykjavík. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Birna Sigurjónsdóttir. (2010). Heildarmat í grunnskólum Reykjavíkur. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2010/016/index.htm>

Conducting the Inspection: Guidance for inspectors of schools. (2005). Sótt á <http://www.ofsted.gov.uk> 20. maí 2006.

Förberedelsesfrågor inför skolinspektion. (2005). Stockholm Stad. Enheten för inspektion og tillsyn.

Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík. Æskan.

Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). *Mat á skólastarfi: Handbók um matsfræði*. Reykjavík. Sigurlína Davíðsdóttir.



Birna Sigurjónsdóttir. (2015). Kennsluhættir í grunnskólum Reykjavíkur: Niðurstöður ytra mats. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/alm/001.pdf>